

Alþingi
Erindi nr. P 135/12
komudagur 23.11.2007

23. okt. 2007

Umhverfisnefnd Alþingis.

Svar við bréfi sem barst Náttúrustofu Austurlands í pósti og er dagsett þann 18. október 2007 frá Umhverfisnefnd Alþingis.

Sent var bréf sem varðar þetta mál dagsett þann 15. október 2007 af formmanni stjórnar Náttúrustofu Austurlands Líneik Önnu Sævarsdóttur í pósti.

Meðfylgjandi í þessum tölvupósti er greinargerð um hagagöngu hreindýra og bréf til fjárlaganefndar sem var sent í pósti.

Frá því snemma árs 2000 hefur Náttúrustofa Austurlands (NA) skv. lögum (lög nr. 100/2000 um breytingu á lögum 64/1994) það hlutverk að annast vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum á Austurlandi. Náttúrustofu Austurlands er ætlað að sinna hagnýtum rannsóknum m.a. vegna vöktunar hreindýrastofnsins og vegna mats á ágangi hreindýra á jarðir (reglugerð nr. 454/2000) en einnig almennum rannsóknum á hreindýrunum.

Kveðja

Erlín Emma Jóhannsdóttir
Náttúrustofa Austurlands www.na.is
Mýrargötu 10
740 Neskaupstaður



NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræti 14
150 Reykjavík

Neskaupstað 15. október 2007

Fjárframlag til rannsókna á hreindýrum.

Náttúrustofa Austurlands óskar hér með eftir 10,6 milljón króna framlagi af fjárlögum næsta árs til að sinna rannsóknum og vöktun hreindýrastofnsins. **Áætlað er að 7 milljónir fari til hefðbundinna talninga, vöktunar og annarra fastra verkefna vegna hreindýrarannsókna. Áætlað er að 3,6 milljónum verði varið í sérstakar rannsóknir til að styrkja undirstöðu mats á ágangi hreindýra á einstök svæði.**

Frá því snemma árs 2000 hefur Náttúrustofa Austurlands (NA) skv. lögum (lög nr. 100/2000 um breytingu á lögum 64/1994) það hlutverk að annast vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum á Austurlandi. Náttúrustofu Austurlands er ætlað að sinna hagnýtum rannsóknum m.a. vegna vöktunar hreindýrastofnsins og vegna mats á ágangi hreindýra á jarðir (reglugerð nr.454/2000) en einnig almennum rannsóknum á hreindýrunum. Á þessum 5 árum sem liðin eru frá því NA tók formlega við hreindýrarannsóknum hefur verið byggt upp öflugt rannsóknastarf sem mikilvægt er að halda áfram.

Átlast er til að NA haldi til haga upplýsingum um fjölda dýra á mismunandi veiðisvæðum og byggir veiðikvóti á þeim upplýsingum. Þannig þarf stöðugt að uppfæra gagnagrunn um fjölda dýra á hverju svæði bæði með reglulegri talningu og söfnun annarra upplýsinga um ferðir dýranna (sjá fylgiskjal 1). Einnig á NA að meta ágang hreindýra á einstökum jörðum á Austurlandi svo Umhverfisstofnun sé mögulegt að útdeila arði af veiðunum samkvæmt reglugerð þar um (487/2003). Til þess að það sé mögulegt þarf að fylgjast náið með hagagöngu dýranna allan ársins hring og ferðum þeirra. Náttúrustofan telur mikilvægt að styrkja þennan grunn að ágangsmati þar sem töluverðir hagsmunir liggja í því að það endurspegli raunverulegan ágang. Áhugi á hreindýraveiðum er vaxandi og mikilvægt að vísindaleg undirstaða undir veiðistjórnun sé traust.

Ljóst er að gerðar eru miklar og vaxandi kröfur til NA varðandi stjórnun stofnstærðar, mat á ágangi á jarðir og ýmiskonar upplýsingasöfnun varðandi hreindýrastofninn.

Náttúrustofa Austurlands telur mikilvægt að ekki sé dregið úr þeirri vöktun og þekkingaröflun sem unnið hefur verið að undanfarin ár heldur þurfi að bæta þar við. Af rannsóknar verkefnum sem fyrir liggja eru bæði verkefni tengd þeim hagnýtu rannsóknum sem eru nauðsynleg undirstaða ákvarðana um veiðikvóta, stofnstærð og mat á ágangi hreindýra (sjá fylgiskjal 1). Að hluta er um ýmsar grunnrannsóknir á hreindýrastofninum og beitarlöndum hans að ræða. Mörkin milli hagnýtra rannsókna og grunnrannsókna eru jafnan óljós en þar styður alltaf eitt annað. Þannig er t.d. þekking á frjósemi, nýliðun, dánartíðni, aldursamsetningu og kynjahlutfalli, farleiðum, dreifingu og beit í afmörkuðum stofnum allt mikilvægar undirstöður þess að geta veitt skynsamlega ráðgjöf varðandi nýtingu dýranna á hverju svæði en jafnframt mikilvæg grunnþekking á lífnaðarháttum þeirra.

Þá er það einnig mat NA að brýnt sé að vísindamenn sem stunda hreindýra-rannsóknir á Íslandi hafi möguleika á að tengjast erlendum vísindamönnum á þessu sviði, þá einkum Norræna hreindýrarannsóknaráðinu (NOR) og CARMA CircumArctic Rangifer Monitoring & Assessment Network (<http://www.rangifer.net/carma/>) sem er alþjóðlegt net vísindamanna sem vinna að hreindýrarannsóknum.

Næsta ár er stefnt er því að gera átak í því að styrkja mat á ágangi hreindýra, með því að nota senditæki til fylgjast með ferðum dýranna. Senditækin hefur stofan eignast í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands með styrk frá Rannsóknarráði, en kostnaður við að nota þau er umtalsverður (fylgiskjal 3).

Framlag ársins 2007 á fjárlögum var kr. 7.000.000 sem er nokkru hærra en árin þar á undan. Samkvæmt ársreikningi Náttúrustofu Austurlands var kostnaður við hreindýrarannsóknir rúmar 9,0 milljónir 2006 og veður yfir 10,0 milljónir kr. á árinu 2007. Árlega rennur ákveðinn hluti af arði hreindýraveiðanna til rannsókna og voru það rúmar 2,7 milljónir árið 2006 skv. ársreikningi NA (sjá fylgiskjal 2). Arður stendur því aðeins undir litlu broti af þeim rannsóknum, vöktun og þjónustu sem NA á að veita varðandi hreindýrastofninn og hefur því verið sótt árlega um framlög á fjárlögum. Framlag á fjárlögum og arður stóð tæplega undir kostnaði við hreindýrarannsóknir 2006 og en fer nær því á árinu 2007, en til að svo verði áfram og mögulegt verði að bæta við rannsóknum þarf meira fjármagn.

Eins og að framan greinir er hér sótt um 10,6 milljónir af fjárlögum til rannsókna á hreindýrunum næsta ár.

Gert er ráð fyrir að kostnaður við hefðbundna vöktun og rannsóknir verði um 10 milljónir 2008 og þar af komi 3 milljónir af arði af veiðum. Því er sótt um 7 milljónir til hefðbundinnar vöktunar og rannsókna og til tímabundinna rannsókna til að styrkja mat á ágangi á jarðir og rannsóknir á farleiðum er sótt um er sótt um 3,6 milljónir.

Virðingarfyllt

formaður stjórnar

Líneik Anna Sævarsdóttir

Meðfylgjandi:

1. Upplýsingar um hjarðir á einstökum veiðisvæðum og tillaga Náttúrustofu Austurlands um ágangssvæði og veiðikvóta 2007
2. Ásreikningur Náttúrustofu Austurlands 2006
3. Rannsóknir á hagagöngu hreindýra.



NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Rannsókn á hagagöngu hreindýra

Eitt af hlutverkum Náttúrustofu Austurlands (NA) er að meta ágang hreindýra á einstakar jarðir (reglugerð nr.454/2000) svo og að gera tillögu um ágangs- og veiðisvæði. Þar sem töluverðir hagsmunir eru í húfi varðandi mat á ágangi, skiptingu arðs og veiðistjórnun er mikilvægt að bæta þekkingu á ágangi hreindýra á jarðir einkum á þeim svæðum þar sem þekking er minnst.

Mat á ágangi er grundvallað á þekkingu á hagagöngu dýranna allan ársins hring. Sú þekking er hvergi fullkominn en hvað síst á veiðisvæði 7 og þekking á tengingu þess við svæði 2 og 6 er afar ábótavant (1.mynd). Þannig er óljóst hvort og í hve miklum mæli dýr ferðast milli þessara svæða. Til að renna styrkari stoðum undir skilning okkar á ferðum dýra sem í dag ganga aðallega á svæði 7 er stefnt að því að hengja gps-skrásetningartæki á kýr á því svæði. Þegar hafa verið keypt 15 senditæki og eru þau sameign NA og Landbúnaðarháskóla Íslands, og voru keypt með stuðningi frá Rannsóknarsjóði.

Þar sem hreindýr eru hjarðdýr geta fá tæki gefið upplýsingar um ferðir mjög margra dýra. Kýr og kálfar halda hópinn lungann úr árinu meðan tarfarnir eru stóran hluta árs einir eða í litlum hópum. Því verða hreinkýr fyrir valinu til að bera staðsetningartæki þar sem yfirgnæfandi líkur eru á að ferðir þeirra gefi upplýsingar um ferðir stórra hópa.

Staðsetningatækin skrá daglegar staðsetningar í tvö ár. Með fjarbúnaði eru tækin losuð af dýrunum eftir tvö ár. Hægt er að sækja tækin, endurnýja rafhlöður og nota þau áfram.

Til að koma staðsetningar tækjum fyrir á dýrunum þarf að veiða þau með svæfilyfi. Slíkt geta og mega einungis dýralæknar og er því nauðsynlegt að hafa þjónustu dýralæknis við vettvangsvinnu.



1. mynd. Skipting Austurlands í hreindýraveiðisvæði

Auk þess þarf til verksins skyttu til að skjóta svefnlyfi og verkefnisstjóra, dýrafræðing.

Stefnt er að því að veiða sjö – átta hreinkýr á svæði 7 og sama fjölda á svæði 1 og 2 (1. mynd) í febrúar-mars 2008 og koma senditækjunum á þau. Tækin eru hengd á dýrin og eiga ekki að skaða þau.

Áætlaður kostnaður við rannsókn á hagagöngu hreindýra:

Kostnaður við rannsóknir liggur að mestu í vinnu. Það þarf teymi dýralæknis, dýrafræðings og skyttu til að svæfa dýrin og kom tækjunum fyrir á þeim. Þetta er heppilegt að gera að vetri og útheimtir ferðalög og jafnvel leit að dýrahópum. Það þarf síðan að reyna að fylgjast með hvort dýr með tæki halda til í stórum hjörðum til að meta hvort upplýsingar um staðsetningu þeirra gefa upplýsingar um stórar hjarðir, sem er það sem stefnt er að. Vinna þarf út upplýsingum um staðsetningu, koma þeim á kort og greina þær.

Kostnaðaráætlun fyrir viðbótarkostnað við verkefnið:

Tæki

Staðsetningartæki (15 stk) hafa þegar verið keypt

Laun

Þjónusta dýralæknis	1.400.000
Þjónusta skyttu	700.000
Verkefnisstjóri (dýrafræðingur) 2.000.000 fellur inn í störf sérfræðinga NA	

Ferðakostnaður

Dagpeningar (gisti- og fæðiskostnaður)	9000.000
Akstur	400.000
Svefnlyf, sprautur, nálar, patrónur o.fl	200.000

Alls	3.600.000
-------------	------------------

Náttúrustofa Austurlands, endurskoðað í október 2007.

Skarphéðinn G. Þórisson hreindýrasérfræðingur